

## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@mvv.is](mailto:gudrunm@mvv.is)

# Fundargerð Skólanefnd

## 13.fundur skólanefndar

Haldinn 16.apríl 2012 í Reykjahlíðarskóla kl.15:30

Mættir: Þuríður Helgadóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Friðrik Jakobsson, Sigurður Böðvarsson og Eyþór Pétursson. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara sátu lið 2., Sigríður Sigmundsdóttir, foreldrafulltrúi sat 2.og 3.lið.

### 1. Fundarsetning.

Þuríður setti fund og ritar fundargerð.

### 2. Reykjahlíðarskóli.

**a)Skóladagatal.** Sólveig dreifði skóladagatali næsta vetrar og fór yfir þá þætti sem komnir eru inni s.s. skipulagsdaga, frídaga, námsmatsdaga ofl. Gert er ráð fyrir að skóli verður settur 23.ágúst og slitið 31.maí. Danskennsla er fyrirhuguð vikuna 8.-12.október. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við skipulag skóladagatala.

**b)Nemendafjöldi og bekkjarskipulag.** Sólveig lagði fram skriflega tillögu að skipulagi. Þar leggur hún til að skólaakstur verði með sama hætti og hann er í vetur þ.e. allir í skólann á sama tíma og tvo daga fara allir heim á sama tíma. Þannig verði tvær heimferðir þrjá daga vikunnar. Ef boðið verði upp á íþróttaskóla eða annað fyrir yngstu nemendur þá er spurning hvort ekki ætti að fella niður fyrri heimferð þann daginn. Skólanefnd leggur til að það verði ekki gert nema í fullu samráði við foreldra. Einnig má þá skoða hvort skólaliði gæti komið inn og haft þau börn hjá sér sem ekki vilja nýta sér íþróttir. Miðað við þann nemendafjölda sem fyrirsjáanlegur er þarf að skoða keyrslufyrirkomulag næstu ára áður en útboð skólaaksturs fer fram. Áætlaður nemendafjöldi næsta vetrar er 40 og þar af 20 í skólaakstri. Lagt er til að námshópar verði 4, þ.e. 1.-3. bekkur, 4.-6. bekkur, 7.-8.bekkur og 9.-10. bekkur og kennslustundamagn verði 160 tímar á viku. Skólanefnd samþykkir tillögur skólastjóra.

**c) Starfsmenn.** Kennarastöður eru 7 með skólastjóri. Bjarni Páll hefur gefið jákvætt svar um að taka að sér íþróttakennslu fram að júlum næsta vetur eða þar til Soffía kemur úr fæðingarorlofi.

Stuðningsfulltrúar hafa verið tveir og lagt er til að svo verði áfram næsta vetrur. Sólveig lagði fram tillögu um tilhögun smíðakennslu fyrir næsta vetur. Skólanefnd styður að Sólveig haldi áfram að þróa þessa tillögu.

**d) Annað.** Skólaferðalag 9.-10.bekkar til Vestmannaeyja er ráðgert 28.maí. 3.-8.bekkur fer í Gljúfastofu og Skjálftasetrið mánudaginn 23.apríl. Jóhanna Kristjánsdóttir kemur og hefur forvarnarnámskeið fyrir 7.-10.bekk.

**3. Leikskólinn Ylur, sumarið 2012.** Skólanefnd leggur til að auglýst verði aftur eftir dagmóður.

**4.Skólastefna sveitafélagsins, verkáætlun.** Á næsta fund kemur hver nefndarmaður með útprentun skólastefnu frá einum skóla sem hann hefur lesið á netinu. Formaður kemur auk þess með nógildandi skólanámskrár Reykjahlíðarskóla og Leikskólans Yls.

**5. Önnur mál.** Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:15